



Akraneskaupstaður

# Heildarstefna Akraneskaupstaðar

Stefna tímabilið 2024 - 2030



---

Útgáfa	Breytingar	Staðfest af	Dags.
1.0	Ný stefna	Bæjarstjórn	13.02.2024

---

## 1 Markmið og gildissvið

Heildarstefnu Akraneskaupstaðar fyrir árin 2024 til 2030 er ætlað að auka farsæld íbúa og fyrirtækja á Akranesi í viðum skilningi, styðja við betri árangur í rekstri sveitarfélagsins og miðla skýrri framtíðarsýn sveitarfélagsins yfir tímabilið til íbúa, starfsmanna og annarra hlutaðeigandi.

Heildarstefna Akraneskaupstaðar er yfirstefna annarra stefna sveitarfélagsins. Aðrar stefnur Akraneskaupstaðar skulu byggja á efni hennar og vera í samræmi við þá framtíðarsýn og markmið sem sett eru þar fram. Tilgangur heildarstefnunnar er meðal annars að samstilla ákvarðanir og aðgerðir til að ná ákveðnum markmiðum. Þegar öll leggjast á eitt þá eru meiri líkur á að þau markmið sem sett eru í heildarstefnunni náist og íbúar, fyrirtæki, starfsfólk og aðrir njóti afrakstursins.

Með stefnunni er sveitarfélagið að setja fram stefnuáherslur fyrir valda málaflokka sem leggja skal áherslu á frá árinu 2024 til ársins 2030. Undir hverjum málaflokk eru sett fram markmið sem stefnt skal að. Heildarstefna Akraneskaupstaðar horfir m.a. til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og fjárhagslegra markmiða sveitarfélagsins.

## 2 Eignarhald, endurskoðun og birting stefnu

Stefna þessi er samþykkt af bæjarstjórn Akraness og annast bæjarstjóri framkvæmd hennar. Allar breytingar á stefnunni skulu samþykktar af bæjarstjórn.

Heildarstefnan þarf að taka mið af árangri við innleiðingu og breytingum í umhverfi og samfélaginu hverju sinni. Því skal endurskoða stefnuna að lágmarki á tveggja ára fresti.

Stefnan skal birt á [www.akranes.is](http://www.akranes.is).

## 3 Hlutverk og ábyrgð

### 3.1 Bæjarstjórn

Bæjarstjórn ber ábyrgð á efni heildarstefnu Akraneskaupstaðar og samþykkt stefnunnar. Bæjarstjórn fær að minnsta kosti á tveggja ára fresti endurskoða stefnu til afgreiðslu.

Bæjarstjórn skal taka tillit til markmiða stefnunnar í fjárhagsáætlunargerð ár hvert.

### 3.2 Bæjarstjóri

Bæjarstjóri hefur yfirumsjón með framkvæmd stefnunnar og ber ábyrgð á endurskoðun hennar. Bæjarstjóri ber jafnframt ábyrgð á því að viðeigandi verkferlar og vinnuleiðbeiningar séu til staðar varðandi innleiðingu stefnunnar, ásamt mælikvörðum fyrir markmið hvernar stefnuáherslu.

### 3.3 Bæjarráð og önnur fagráð

Bæjarráð og fagráð sveitarfélagsins bera ábyrgð á að unnið sé að viðeigandi verkefnum (stefnuverkefnum) í þeirra málaflokki til að ná markmiðum stefnunnar, og að ráðstafanir séu gerðar í fjárhagsáætlun vegna stefnuverkefna.

Bæjarráð og fagráðin skulu hafa nauðsynleg tæki og tól sem veitir þeim yfirsýn yfir stefnuverkefnin og framgang þeirra, og skulu ákveða forgang stefnuverkefna.

### 3.4 Ábyrgðaraðilar og úrvinnsluaðilar stefnuverkefna

Tilgreina skal ábyrgðaraðila stefnuverkefna og úrvinnsluaðila. Ábyrgðaraðilinn ber ábyrgð á verkefninu í heild sinni, meðan úrvinnsluaðili ber ábyrgð á að verkefnið sé unnið og í takt við verklagsreglur og vinnuleiðbeiningar stefnuverkefna.

### 3.5 Skráning í málakerfi

Vista skal heildarstefnu Akraneskaupstaðar í málakerfi sveitarfélagsins.

## 4 Framtíðarsýn og stefnuáherslur

Framtíðarsýn Akraneskaupstaðar er að hafa sjálfbærni að leiðarljósi til að tryggja samfélagslega velsæld, stöðugan rekstur og uppbyggingu sveitarfélagsins til framtíðar. Heildarstefna Akraneskaupstaðar byggir á þessari framtíðarsýn en stendur jafnframt á eftirfarandi fimm meginstoðum sem nefnast stefnuáherslur:

- Fjölbreytt atvinnulíf
- Umhverfissátt
- Farsælt samfélag
- Auðgandi mannlíf og menning
- Traustir innviðir og skilvirk þjónusta

### 4.1 Fjölbreytt atvinnulíf

Atvinnulíf byggi á styrkum stoðum iðnaðar sem skapi grundvöll fyrir öflugra nýsköpun og aukna fjölbreytni með grænar áherslur í forgrunni.

*Markmið stefnuáherslunnar eru:*

- Að standa vörð um atvinnustarfsemi á Akranesi.
- Að atvinnu- og nýsköpun með áherslu á tækni og loftslagsmál verði í fremstu röð og stuðli þannig að fjölbreyttum atvinnutækifærum fólks með víðtæka menntun og reynslu.
- Að stuðla að fjölgun heilsu- og heilbrigðistengdra starfa á Akranesi.
- Að styðja við uppbyggingu metnaðarfullrar ferðaþjónustu á Akranesi, s.s. heilsutengdrar ferðaþjónustu.
- Að framboð vatns og rafmagns til áframhaldandi uppbyggingar og stækkunar sveitarfélagsins sé tryggt.
- Að auka umsvif í kringum Akraneshöfn, bæði fyrir hafsækna ferðaþjónustu og sjávartengda atvinnustarfsemi.

#### 4.1.1 Tenging við heimsmarkmiðin

Innleiðing heimsmarkmiðs nr. 8 um góða atvinnu og hagvöxt. Stuðlað verði að viðvarandi sjálfbærum hagvexti, arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir öll.

## 4.2 Umhverfissátt

Samfélag í fararbroddi í sjálfbærni og loftslagsmálum þar sem stuðlað er að verndun og varðveislu umhverfisins.

*Markmið stefnuáherslunnar eru:*

- Að bæta aðgengi að náttúru og umhverfi á Akranesi. Hreint haf og einstök strandlengja eru mikilvægir þættir í sjálfsmynd sveitarfélagsins.
- Að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda innan sveitarfélagsins.
- Að stuðla að samfélagsþekkingu á mikilvægi sjálfbærni og umhverfisverndar og áherslum sveitarfélagsins í málaflokknum.
- Að vera blómlegur, grænn og loftslagsvænn bær.
- Að grænar áherslur séu hafðar að leiðarljósi í þróun byggðar og atvinnusvæða.

### 4.2.1 Tenging við heimsmarkmiðin

Innleiðing heimsmarkmiðs nr. 13 um aðgerðir í loftslagsmálum. Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.

Innleiðing heimsmarkmiðs nr. 14 um líf í vatni. Vernda og nýta hafið og auðlindir þess á sjálfbæran hátt í því skyni að stuðla að sjálfbærri þróun.

Innleiðing heimsmarkmiðs nr. 15 um líf á landi. Vernda, endurheimta og stuðla að sjálfbærri nýtingu vistkerfa á landi, sjálfbærri stjórnun skógarauðlindarinnar, berjast gegn eyðimerkurmyndun, stöðva jarðvegseyðingu og endurheimta landgæði og sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni.

## 4.3 Farsælt samfélag

Hlúð verði að öllum bæjarbúum með farsæld, heilbrigði og lífsgæði í fyrirrúmi. Í sveitarfélaginu bjóðist fjölbreytt tækifæri til menntunar, þroska og samfélagsþátttöku og þjónusta með farsæld í forgrunni.

*Markmið stefnuáherslunnar eru:*

- Að stuðla að uppbyggingu samfélags þar sem jöfnuður, heilbrigði og lífsgæði eru í fyrirrúmi.
- Að tryggja framsækið skóla- og frístundastarf sem leggur áherslu á gæðamenntun fyrir öll og er í takt við þróun samfélagsins.
- Að tryggja að þjónusta sveitarfélagsins hafi mannréttindi og jafnræði að leiðarljósi og fagni margbreytileika samfélagsins.
- Að vera áfram í forystu innleiðingar á samþættri þjónustu í þágu farsældar.
- Að tryggja barnvæna nálgun í þjónustu sveitarfélagsins.
- Að öll fái notið sín í styðjandi samfélagi á öllum skeiðum lífsins.

### 4.3.1 Tenging við heimsmarkmiðin

Innleiðing heimsmarkmiðs nr. 3 um heilsu og vellíðan. Stuðla að heilbrigðu lífni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar.

Innleiðing heimsmarkmiðs nr. 4 um menntun fyrir öll. Tryggja jafnan aðgang að góðri menntun og stuðla að tækifærum til náms alla ævi.

Innleiðing heimsmarkmiðs nr. 10 um aukinn jöfnuð, draga úr ójöfnuði innan og á milli landa.

## 4.4 Auðgandi mannlíf og menning

Samfélag sem tekur virkan þátt í að efla mannlíf, listir og menningu með fjölbreyttum hætti allt árið um kring.

*Markmið stefnuáherslunnar eru:*

- Að skapa aðstæður fyrir fjölbreytni í listsköpun og viðburðahaldi svo menningarlíf megi dafna í sveitarfélaginu.
- Að leggja áherslu á að menningarstarf sé aðgengilegt fyrir öll.
- Að kynna Akranes sem áhugaverðan viðkomu- og áfangastað.
- Að þróa og efla faglega starfsemi safna Akraneskaupstaðar og þátttöku þeirra í menningartengdum verkefnum.
- Að efla miðbæ Akraness í kringum Akratorg svo mannlíf og menning blómstri.
- Að Akranes verði íþróttasveitarfélag í fremstu röð.
- Að Akranes vinni markvisst að menningaruppeldi barna og ungmenna.

### 4.4.1 Tenging við heimsmarkmiðin

Innleiðing heimsmarkmiðs nr. 3 um heilsu og vellíðan. Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar.

Innleiðing heimsmarkmiðs nr. 4 um menntun fyrir öll. Tryggja jafnan aðgang að góðri menntun og stuðla að tækifærum til náms alla ævi.

Innleiðing heimsmarkmiðs nr. 8 um góða atvinnu og hagvöxt. Stuðlað verði að viðvarandi sjálfbærum hagvexti, arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir öll.

Innleiðing heimsmarkmiðs nr. 10 um aukinn jöfnuð, draga úr ójöfnuði innan og á milli landa.

## 4.5 Traustir innviðir og skilvirk þjónusta

Uppbygging metnaðarfullra innviða og þjónustu sem er studd af ábyrgri fjármálastjórnun.

*Markmið stefnuáherslunnar eru:*

- Að rekstur sé ávallt ábyrgur og stjórnun einkennist af jafnræði, framsækni, gagnsæi og metnaði.
- Að uppbygging innviða sé markviss og í samræmi við fyrirbyggjandi stefnur, áætlanir og þróun samfélagsins.
- Að vera framsækin í stafrænni umbreytingu bæði í ytra og innra umhverfi sveitarfélagsins.
- Að tryggja gæði í þjónustu sveitarfélagsins með skilvirkum ferlum og stöðugum umbótum.
- Að vera vinnustaður í fararbroddi þar sem eftirsóknarvert er að starfa.
- Að stuðla að lýðræðislegri þátttöku íbúa.

### 4.5.1 Tenging við heimsmarkmiðin

Innleiðing heimsmarkmiðs nr. 9 um nýsköpun og uppbyggingu. Byggja upp viðnámsþolna innviði fyrir öll, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun.

Innleiðing heimsmarkmiðs nr. 11 um sjálfbærar borgir og samfélög. Gera borgir og íbúðasvæði öllu fólki auðnotuð, örugg, viðnámsþolin og sjálfbær.